

## 1.1 Framfarir í skólastarfi

<b>Þemu</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Árangur/frammistaða nemenda yfir ákveðið tímabil</li><li>Gæði námsárangurs nemenda</li><li>Áhrif þróunaráætlunar skólans</li></ul>	<b>Yfirlit gæðagreinis</b> <p>Þessi gæðagreinir fjallar um árangur af stafi skólans. Hann snertir heildarárangur og framfarir nemenda í þá átt að verða öflugir námsmenn, sjálfsöruddgír einstaklingar, ábyrgir þegnar og virkir þátttakendur í samfélaginu<sup>i</sup>. Gæðagreinirinn beinist einnig að því hversu vel hefur tekist að hrinda stefnu og sýn skólans í framkvæmd. Notkun þessa gæðagreinis ætti að taka mið af eðli skólans, samsetningu og bakgrunni nemendahópsins og aðstæðum í skólanum<sup>ii</sup>.</p>
<b>Dæmi um einkunnina 5</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Við höfum aukið árangur og/eða viðhaldið góðum námsárangri nemenda. Nemendur í skólanum okkar taka mjög góðum framförum í námi. Árangur einstaklinga og hópa nemenda hefur aukist jafnt og þétt. Árangur skólans er sambærilegur við aðra svipaða skóla og einnig við árangur á landsvísu, svo sem á samræmdum könnunarprófum. Við höfum aukið árangur í skólastarfi með tilliti til árangurs allra nemenda.</li><li>Á heildina litið eru nemendur okkar farsælir, sjálfsöruddgír, ábyrgir og virkir í skólanum og samfélaginu. Þeir eru persónulega og félagslega hæfir og hafa náð árangri í fjölbreyttum viðfangsefnum<sup>iii</sup>.</li><li>Forgangsverkefni í umbótaáætlun/þróunaráætlun okkar hafa haft merkjanleg áhrif á árangur og velferð nemenda okkar og skólastarfið í heild.</li></ul> <b>Dæmi um einkunnina 2</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Árangur hefur verið minni en í sambærilegum skólum eða farið minnkandi. Nemendur í skólanum okkar sýna takmarkaðar framfarir frá fyrri árangri. Einstaklingum og hópum fer lítið fram yfir ákveðið tímabil. Breytingar á árangri okkar eru ekki sambærilegar við aðra skóla af sömu stærð, né heldur á landsvísu. Þörfum allra nemenda, einnig þeirra sem höllum fæti standa, er ekki mætt á áhrifaríkan hátt.</li><li>Gengi nemenda er takmarkað vegna skorts á árangri og sjálfsöryggi og einhæfs námsframboðs. Við bjóðum fá tækifæri til persónulegs og fjölbreytts árangurs og margir nemenda okkar hafa litlar væntingar til sjálfra sín.</li><li>Þrátt fyrir að þróunaráætlun hafi skilað okkur nokkrum endurbótum í skólanum, hefur hún ekki verið notuð markvisst til að skilgreina eða forgangsraða þáttum sem stuðla að auknum árangri nemenda og bættis námsgengis.</li></ul>	

<sup>i</sup> Gögn um heildarframmistöðu skóla gefa vísbendingar um árangur í íslensku og stærðfræði, árangur á samræmdum prófum og árangur í öðrum könnunum eða samkeppni sem nemendur taka þátt í. Þau geta einnig gefið til kynna námsárangur almennt í samanburði við aðra svipaða skóla og á landsvísu, einstaklings- og félagsþroska nemenda og þátttöku þeirra í samfélagslegum verkefnum, félagsstörfum utan skóla og öðrum frístundaverkefnum. Slík gögn munu einnig gefa upplýsingar um hvað nemendur taka sér fyrir hendur að loknum skóla.

<sup>ii</sup> Við mat á fyrstu tveimur þemunum þarf að hafa tengda gæðagreina í huga, það er 5.2, 5.3 og 5.5.

<sup>iii</sup> Hafa þarf gæðagreini 2.1 í huga.